



SAS1A05 – Samskipti og samstarf - DR

Námsáætlun, haustönn 2023

Kennari/kennarar:

Hafrún Eva Arnardóttir

Netfang/netföng:

hafrun.arnardottir@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum er áhersla á umferðareglur í samskiptum. Athyglinni verður beint að ýmsum þáttum, s.s. ólíkum samskiptamynstrum, mismunandi framkomu fólks og hvernig það tengist líðan og árangri í lífi og starfi. Þá er stefnt að því að nemendur geri sér grein fyrir eigin ábyrgð í samskiptum og hvaða áhrif framkoma annarra hefur á þá. Unnið er markvisst að því að efla samskiptafærni nemenda og tekin fyrir atriði eins og eigin hugsanir, formleg og óformleg samskipti, virk hlustun, tjáskipti, hrós, gagnrýni og að leysa ágreining. Nemendur læra aðferðir til að átta sig á eigin styrkleikum og annarra þegar þeir vinna í hóp. Þeir hljóta þjálfun í aðferðum til að efla með sér þá þætti sem stuðla að uppbyggilegum persónulegum og faglegum samskiptum. – Mikil krafa er gerð um virkni nemenda í tímum og heimavinnu.

Þekking, leikni, hæfni:

Í lok annar eiga nemendur að geta:

- Átti sig á ólíkum samskiptaformum
- Þekki samhengi milli sjálftrausts og framkomu og áhrif þessara þátta í samskiptum við aðra
- Þekki hvernig hægt er að efla sjálftraustið og sjálfsábyrgðina í tengslum við eigin líðan
- Kunni að beita virkri hlustun
- Átti sig á eigin styrkleikum og veikleikum í samskiptum
- Þekki einkenni eineltis og leiðir til að koma í veg fyrir það
- Þekki undirstöðuatriði tjáskipta og hvernig er hægt að forðast misskilning
- Öðlist leikni í að sýna fram á gildi lausnamiðaðra samskipta og mikilvægi sveigjanleika, virðingar og aðlögunarhæfni í starfi
- Geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann aflar sér í áfanganum til að ná góðum árangri með ólíkri nálgun í samskiptum við einstaklinga með mismunandi þarfir

Námsmat:

1. Verklegar og skriflegar æfingar – tímavinna og heimavinna - 50%
2. Munnleg könnun 25%
3. Þátttaka og virkni í tímum 25%

Námsgögn:

Efni frá kennara, m.a. tilvísun í ýmsar bækur, sem mælt er með að nemendur kaupi, en einnig er hægt að fá þær að láni í bókasöfnum.

Lífsreglurnar fjórar – Miguel Ruiz

– Lesefni hverrar viku koma fram á Innu undir liðnum EFNI

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Skila verður **öllum** námsmatþáttum til að ljúka áfanganum.

Verkefnum vikunnar þarf að skila í síðasta lagi á **sunnudagskvöldi kl 23.55**. Ekki er hægt að skila verkefnum eftir að skilafrestur rennur út.

Nemendur þurfa að hafa aðgang að tölvu og geta verið í hljóð og mynd í umræðutímum ef á þarf að halda.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
(1)33	18. ágúst		<i>Nýnemadagur</i>
(2)34	21.-25. ágúst	LOTA 1- Kynning á áfanganum og hugleiðingar um væntingar	Verkefni
(3)35	28.ágúst - 1. sept.	Hugsanir – framkoma	U1
(4)36	4.-8. sept.	Í sátt og samlyndi - Samskiptatækni	U2 Verkefni
(5)37	11.-15. sept.	Markmiðasetning	U3 Verkefni
(6)38	18.-22. sept.	Hugsanir, boðnar og óboðnar, viðhorf, myndlíkingar	U4 Verkefni
(7)39	25.-29. sept.	Sjálfttraust – sjálfsstyrkur – Sjálfs.....	U5 Verkefni
(8)40	2.-6. okt.	Meðvirkni	U6 Verkefni/ kahoot
(9)41	9.-13. okt.	LOTA 2 - Hópastarf – styrkleikar og veikleikar Belbin/ Svót/ Vandamálagreining	U7 Verkefni
(10)42	16.-20. okt	Táknræn samskipti	U8 Verkefni / kahoot
(11)43	23.-25. okt.	Táknræn samskipti	U9 Verkefni
(12)44	30. okt. - 3. nóv.	Lífsreglurnar fjórar	U10
(13)45	6.-10. nóv.	Lífsreglurnar fjórar	U12 Verkefni
(14)46	13.-17. nóv.	Allskonar samskipti skoðuð og greind – bíómynd	U12 Verkefni
(15)47	20.-24. nóv.	Félagsleg samskipti – Tilfinningagreind	U13 Verkefni/ Kahoot
(16)48	27. nóv. - 1. des.	LOTA 3 - Upprifjun á efni - Munnleg könnun	U14 Munnleg könnun
(17)49	4.-8. des	Einkunnaskil	U15 Verkefni
	11.-13. des		

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.